

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 344

júní 2024



We Serve

Júní 2024. Blað nr. 344

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumdaemi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Timaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjölumdaemisstjórn:



Sigfríð Andradóttir, fjölumdaemisstjóri. Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: sigfrida@simmet.is



Friðrik Hansen Guðmundsson, umdaemisstjóri í 109 A. Friðrik er félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn og er með tölvupóstfangið friðrikhansen@gmail.com



Baldur Ingi Karsson, umdaemisstjóri 109B. Baldur Ingi er félagi í Lionsklúbbum Hængur. Netfang Baldurs Inga er balduringikarsson@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2023 – 2024

Fjölumdaemisstjóri: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Umdaemisstjóri 109A: Friðrik A. Hansen, Lkl. Fjörgyn

Umdaemisstjóri 109B: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Fjölumdaemisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumdaemisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumdaemisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Vara fjölumdaemisstjóri: Geirþráður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen, Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (félagamál): Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrr. Alþjóðastjórnamaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar(formaður): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Jóhann Jónsson Lkl. Álfanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K. Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja
Varaumdæmisstjóri 109B: Sumarliði Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms
Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Aðalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2023 – 2024:

Alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada; Fyrrverandi alþjóðaforseti Brian E. Sheehan, United States; Vara alþjóðaforseti, Fabrício Oliveira, Brazil; Annar vara alþjóðaforseti A.P. Singh, India; Þriðji vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon, United States.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Ben Apeland, United States; Jitendra Kumar Singh Chauhan, India; Barbara Grewe, Germany; Jeff Changwei Huang, China; Tim Irvine, Australia; Ron Keller, United States; Gye Oh Lee, Korea; Robert K.Y. Lee, United States; R. Mathanagopal, India; Manoel Messias Mello, Brazil; Jay Moughon, United States; Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt; Samir Abou Samra, Lebanon; Pirkko Vihavainen, Finland; Jürg Vogt, Switzerland; Lee Vrieze, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal; Feng-Chi Chen, China Taiwan; Marie T. Cuning, USA; Marcel Daniëls, Belgium; Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá; Babu Rao Ghattamaneni, India; Masashi Hamano, Japan; Edwin Guy Hollander, USA; Sung-Gil Jung, Republic of Korea; Halldór Kristjánsson, Ísland; Danyal Kubin, Türkiye; John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf. Forsíðumynd: Mynd tekin af Álfanesinu – Þorkell Cýrusson



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs 2023 til 2024 komið út. Þetta blað er prentað blað sem og netblað. Nokkrar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvot ykkur til að lesa og má nefna hér nokkrar eins og um þingið okkar, bæði frá fjölumdaemisstjóra og þingiöldurum. Ekki má svo gleyma að alþjóðaforseti kom í heimsókn til okkar nú í vor og gerir Guðrún Björt góða grein fyrir henni bæði í máli og myndum í blaðinu. Margar aðrar greinar eru í blaðinu sem ég hvot ykkur til að lesa og væri of langt mál að telja þær allar upp hér.

Ég ákvað að sinna starfi ritstjóra áfram eftir að hafa hugsad vel hvort ekki væri rétt að fá annan til að taka þetta starf að sér. Það er ljóst að við verðum að taka okkur varðandi skrif í blaðið og ætla ég að bjóða klúbbum upp á það næsta starfsár að fræða þá um blaðið hafi þeir áhuga á því annað hvort með staðfundum eða á fjarfundum. Ég vona að klúbbur muni nýta sér þetta boð til að fræðast um blaðið og þá möguleika sem það hefur fyrir hreyfinguna.

Myndasíða er frá þinginu nú í vor og tók Jónas Yngvi Ásgrímsson flestar þær myndir og sendi mér til birtingar og kann ég honum bestu þakki fyrir það. Eins eru þar myndir frá undirrituðum.

Þegar þetta er skrifað er ekki mjög sumarlegt veður en ég er þess fullviss að það mun breytast á næstu vikum og það er einlæg ósk mín að við fáum gott sumar til að safna orku fyrir næsta starfsár sem ég er viss um að verður mjög öflugt lionsár.

Að lokum óska ég öllum lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars og hlakka til að vinna með ykkur að góðum málefnum næsta starfsár. Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blads.


Lionsblaðið er komið með nýtt netfang sem tekur gildi nú þegar og er lionsbladi@lions.is.

Netfang Lionsbladsins er: lionsbladi@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Styrkleikar Fjölbreytileika

Pistill Alþjóðaforseta



Meðan við búum okkur undir að takast á við næsta lionsár, þá hef ég gefið mér tíma til að rifja upp þetta ótrúlega ár og öll þau þýðingarmiklu kynni sem ég hef átt við mörg ykkar á ferðalögum mínum. Það hefur verið mjög gefandi að upplifa af eigin raun, einn af stærstu styrkleikum samtaka okkar, - fjölbreytileika aðildar okkar og þjónustu okkar.

Í meira en 100 ár hefur Lions opnað arma sína fyrir heiminum og tekið nýju fólki, verkefnum og hugmyndum opnum örmum. Allt frá því að útvega svöngum næringaríkan mat og berjast fyrir umhverfismálum, til að veita stuðning og hlýju til þeirra sem eru utangarðs og margt margt fleira, skuldbindingu okkar eru engin takmörk sett, við greinum þarfirnar og þróum lausnir til að mæta þessum áskorunum.

Sem lionsfélagar sættum við okkur ekki við óbreytt ástand. Þess í stað stöndum við stöðugt fyrir nýbreytni til að takast á við síbreytilegar þarfir samfélagsins. Höldum áfram að finna nýjar leiðir til að styðja við þá sem þess þurfa. Höldum áfram að bjóða öllum þeim sem vilja taka þátt í þjónustu okkar. Höldum áfram að bæta samfélög okkar og bæta líf heima fyrir og um heim allan.

*Ykkar til þjónustu
Dr. Patti Hill
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar*



Lionsklúbbur Skagafjarðar




Jón Sigurðsson.



Kristján Kristjánsson, formaður Lionsklúbbs Skagafjarðar.



Séra Gísli Gunnarsson.



Þuríður Þorbergsdóttir.



Valdimar Eiríksson.

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar voru lestnir í Hóladómkirju á föstudaginn langa síðast liðinn. Gísli Gunnarsson, vígslubiskup er félagi í Lionsklúbbi Skagafjarðar og stakk upp á að klúbbfélagar tækju þátt í flutningi Passíusálmana. Hugmynd Gísla mæltist vel fyrir meðal klúbbfélaga og þeir félagar sem komu því við tók þátt í lestrinum. Með lestrinum er viðhaldið því sem stundum hefur verið gert í kirkjustarfi á Hólum. Vonandi verðar þetta árviss viðburður í starfi lionsklúbbsins og til þess fallinn að styrkja kirkju- og skólustarf á Hólum. Vígslubiskup gat þess í upphafi máls að Passíusálmarnir hefðu fyrst verið prentaðir á Hólum 1666 og margoft síðar. Þá setti hann fram þá tilgátu að Hallgrímur hafi verið undir sterkum áhrifum frá Hóladómkirju og sérstaklega róðukrossi kirkjunnar þegar hann samdi sálmana. Víst er að Hallgrímur ólst upp sem drengur á Hólum. Hafði misst móður sína ungar og var með Pétri föður sínum á Hólum en Pétur var hringjari kirkjunnar en þeir Guðbrandur biskup Þorláksson og Pétur voru bræðrasynir. Jóhann Bjarnason organisti kirkjunnar lék nokkur sálmalög og biskupshjónin Gísli og Þuríður buðu lesurum og gestum upp á kaffiveitingar. Góður rómur var gerður að þessari nýbreytni í starfi klúbbsins og sýndi sig að mönnum er margt til lista lagt.



Vor í Skagafríði.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 29. ágúst

Fjölumdamisþing 11. maí 2024

Sigfríð Andradóttir,

fjölumdamisstjóri MD 109



Föstudaginn 10. maí var setningarhátíð fyrir 69. þing fjölumdamis MD 109 sem var svo framhaldið daginn eftir. Á setningarhátíðinni flutti Pirkko Vihavainen alþjóðastjórnarmaður kveðjur frá Patti Hill alþjóðaforseta. Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, bauð þingfulltrúa velkomna á Álftanesið og þakkar lionsklúbbum fyrir þeirra framlag til bæjarfélagsins í gegnum tíðina. Fjölumdamisstjóri Finnlands, Mika Pirttivaara flutti kveðju fyrir hönd Norðurlandanna og þakkaði tækifærið að fá að heimsækja þingið. Hann sagði frá för sinni til Úkraínu og sagði frá verkefni sem lionsklúbbar á Norðurlöndum hafa verið að safna fé fyrir og var hann djúpt snortinn að sjá hvað þetta gerir mikið fyrir fólkið þar. Eftir setningarathöfnina var skrudgangur sem tókst með eindæmum vel enda riðu þar hestamenn frá Álftanesi fremstir í flokki lionsmanna. Þingið var hefðbundið að mestu, Stefán Árnason fjölumdamisgjaldkeri fór yfir ársreikninga hreyfingarinnar og skv. þeim stendur fjölumdamis vel. Geirþrúður Fanney Bogadóttir formaður undirbúnings nefndar Rauðu fjaðrar sagði frá undirbúningi fyrir væntanlegt verkefni en auk hennar voru Inga Lóa Steinarsdóttir og Sumarliði Ásgeirsson í nefndinni. Stefnt er að halda landssöfnunina helgina 3.-6.apríl 2025. Leitað var eftir hugmyndum hjá Lions félögum og voru sendar fimm hugmyndir inn og var kosið um tvær þeirra. Önnur þeirra er tillaga frá Þríeta samtökunum sem gengur út á að endurverkja forvarnarstarf, átak í vitundarvakningu fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára og ber það yfirskriftina „Segðu það upphátt“ og er um kynningarfor um landið haustið 2025 með fræðslu í öllum framhaldsskólum um sjálfsvígs forvarnir og þá er gert ráð fyrir að tengja lionsklúbba um land allt við þetta verkefni. Áætluð



Hópurinn sem hlaut orður á þinginu ásamt embættismönnum, frá vinstri: Sigfríð Andradóttir fjölumdamisstjóri, Guðrún Björt Yngvadóttir fyrrverandi alþjóðaforseti, Pirkko Vihavainen alþjóðastjórnarmaður, Björn Guðmundsson LCIF stjóri, Laufey Jóhannsdóttir fyrrum fjölumdamisstjóri, Viðir Guðmundsson fyrrverandi umdamisstjóri í A-umdæmi, Gerður Jónsdóttir fyrrverandi svæðisstjóri, Friðrik Hansen umdamisstjóri í A-umdæmi og Baldur Ingi Karlsson umdamisstjóri í B-umdæmi.

fjárþörf er um 20 milljónir króna, lokaorð kynningar eru „saman getum bjargað lífi það er alltaf von“. Tillaga Blindrafélagsins fjallar um að bæta búnað sem bætir aðstæður sjónskertra barna og ungmenna sem eiga við sjóntruflanir að stríða og uppfæra tæki og búnað sjónstöðvarinnar sem nýtist einnig öllum blindum og sjónskertum einstaklingum á landinu. Verkefnið ber yfirskriftina „Börnin í betri stöðu“ og er áætlaður kostnaður um 47 milljónir króna. Eftir nokkrar umræður var kosið um tillögurnar og varð tillaga Þríeta fyrir valinu þetta skiptið. Björn Guðmundsson sagði frá Alþjóðahjálparsjóðnum okkar (LCIF), Niels Finsen kynnti fyrir okkur það sem auglýsingaskrifstofan ENNEMM hefur hannað fyrir okkur og kynnti fyrir okkur forrit sem heitir Canva og lionsklúbbar geta notað til að búa til auglýsingar fyrir verkefni sín og fjáraflanir. Guðrún Björt Yngvadóttir kynnti fyrir okkur verkefnið „Mission 1,5 m.“ sem er átak í félagaoöflun. Tvö verkefni sem eru styrkt af lionsklúbbum voru kynnt, þau eru: annars vegar „Broskarlar í Afríku“ sem er verkefni til að styrkja kennslu fátækra barna í Kenía og koma þeim til háskólanáms. Hitt verkefnið er: „Gigtarrannsóknir á Íslandi“ en þar þarf fjármagn til að byggja Öndvegissetur í sjálfsöfnæmis- og gigtarsjúkdómum svo það verði að veruleika og að styðja við og fylgja eftir mótun og sköpun öndvegisseturs og leggja til þá trú sem þarf til að stórir og góðir hlutir gerist. Hér er tækifæri fyrir Lions hreyfinguna, Lions á Íslandi, lionsklúbba og Lions fólk til að hafa áhrif.

Á þinginu voru kosnir hinir ýmsu embættismenn. Anna Blöndal Lkl. Ylfu, Akureyri var kjörin varafjölumdamisstjóri og Geirþrúður Fanney Bogadóttir var kjörin fjölumdamisstjóri starfsárið 2024-2025. Ég óska þeim alls hins besta í starfinu næsta ár og veit að þarna eru tveir hörku lionsfélagar á ferð sem leggja sig alla fram við að leggja lið. Nokkrar viður-



Sigfríð Andradóttir fær fyrst fána nýkjörins fjölumdamisstjóra Geirþrúðar Fanneyjar Bogadóttur.

kenningar voru veittar, Leiðtogaorðu hlutu Gerður Jónsdóttir Lkl. Ylfu fyrir störf sín á vegum Lions sem og Viðir Guðmundsson Lkl. Garði. Forsetaorðu hlutu Laufey Jóhannsdóttir Lkl. Eik ásamt Birni Guðmundssyni Lkl. Hæng. Viðurkenningar hlutu Thelma Kristinsdóttir, Lkl. Eden, Bergvin Oddsson, Lkl. Vestmannaeyja og Jóhann Jónsson Lkl. Álftaness. Þingið fór vel fram og gestgjöfunum Lkl. Álftaness og Lkl. Seylu til mikilla sóma. Ég vil enda á því að þakka samstarfsfólkinu mínu í vetur, fjölumdamisráðið mitt sem hefur stutt mig vel því þetta hefur verið erilsamt ár, stundum erfitt en líka gaman. Baldri Inga Karlssyni umdamisstjóra 109B og Friðriki Hansen umdamisstjóra 109A vil ég þakka sérstaklega fyrir þeirra störf. Lionsfélagar um allt land fá að lokum mínar þakkar fyrir frábært starf síðastliðið ár og megi gæfa fylgja ykkur störfum hér eftir sem hingað til.

(Ljósmyndir tók Jónas Yngvi Ásgrímsson)

Sigfríð Andradóttir
CC - Fjölumdamisstjóri
MD 109 Ísland

Aukin umönnun: Endunýjun á krabbameinsdeild barna á Regina Margherita barnaspítalanum

Höf: Shelby Washington

Krabbameinsdeild barna á Regina Margherita barnaspítalanum í Tórinó á Ítalíu hefur veitt börnum með alvarlega sjúkdóma umönnun í yfir 50 ár. Á deildinni er stofnfrumuígræðslu deild sem hefur meðhöndlað börn og ungmenni síðan 1989. Beinmergsígræðsla, einnig nefnd stofnfrumuígræðsla, er notuð til að meðhöndla ákveðnar tegundir krabbameins, svo sem hvítblæði, mergæxli og eitilæxli. Á hverju ári er yfir 150 börnum vísað á krabbameinsdeildina og um 30 stofnfrumuígræðslur framkvæmdar árlega.

Ferðalagið sem þessi börn leggja upp í á meðan þau gangast undir ígræðslu er bæði erfitt og ógnvekjandi. Á þessum viðkvæma tíma þarf barnið að vera í einangrun í 30 til 40 daga til að vernda það gegn smiti. Aðeins einn fullorðinn má vera hjá þeim og aðrir geta aðeins heimsótt í gegnum glugga og hljóðnema. Þannig fá börnin líka kennslu meðan á einangrun stendur.

Samskiptakerfið var orðið lélegt, oft óvirkt og bauð ekki uppá næði, sem gerði móttöku gesta og kennslu erfiða. Að auki var heimsóknarherbergið óþægilegt, var oft mjög heitt vegna sólarljóss sem átti greiða leið inni rýmið og án opnan legs glugga. Lionsfélagar í Umdæmi 108-IA3 tóku eftir þessu, skildu þörfina fyrir endurnýjun og ákváðu að taka að sér verkefnið.

Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) veitti Umdæmisstyrk uppá 21.659 Bandaríkjadali og Samfélagsstyrk (DCG) upp á 3.000 Bandaríkjadali til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd. Yfir 15 klúbbar í héraðinu tóku þátt í að safna fé, samtals 13,000 bandaríkjadali,



fyrir þetta verkefni og umdæmið hefur skuldbundið sig til að halda áfram stuðningi við þessa krabbameinsdeild barna og ungmenna.

Verkefnið, sem miðaði að því að bæta þægindi og búnað heimsókn- og kennslurýmisis, fól í sér að setja upp samskipta- og margmiðlunarkerfi fyrir þau fimm rými sjúklinga og gesta sem eru til staðar til að bæta möguleika á samskiptum og rýmin notendavænni. Að auki var sólarvarnarfilma sett á gluggana til að koma í veg fyrir ofhitnun ásamt því að keyptur var ísskápur til að geyma veitingar gesta.

Eitt foreldri lýsti því hvað rýmið þýddi fyrir dóttur hennar og sagði: "Dóttir mín var döpur yfir því að geta ekki sótt kennslustundir í skólanum meðan á meðferðinni stóð. Læknarnir stöppuðu í hana með því að segja henni að hún gæti fylgst með kennslustundunum í gegnum sérstakt margmiðlunarkerfi. Enn fremur gæti hún fengið heimsóknir frá bróður sínum, afa og ömmu og nánunum vinum. Henni leið strax betur."

Um það bil 180 manns árlega munu njóta góðs af þessu verkefni, þar á meðal sjúklingar,



fjölskyldur, vinir og kennarar. Þetta er gott dæmi um mikilvægi og áhrif samfélags- og líknaverkefna Lions þar sem margir taka höndum saman, umdæmið, klúbbarnir og félagarnir, í raun allt samfélagið með því að styrkja fjársöfnunina. Á meðan lionsfélagar halda áfram að takast á við mannúðarverkefni, mun LCIF efla viðleitnina með styrkmöguleikum sem geta skipt sköpum og auka fjölda þeirra sem Lions getur þjónað um allan heim.

Heimsæktu lionsclubs.org/Grants-Toolkit fyrir upplýsingar um mismunandi tegundir styrkja og kynna þér hver þeirra mundi skila mestum árangri fyrir næsta verkefni klúbbsins þíns.

Þýðing: Anna Blöndal



Lionsklúbburinn Bjarmi

Síðastliðið haust vorum við Bjarmafélagar ekki orðnir nema 12, misjafnlega virkir og var það farið að há bæði verkefnum og félagsstarfi. Stjórnin sá að við þessu þyrfti að bregðast og boðaði til kynningarfundar í janúar. Þar mættu 8 gestir og eru nokkrir þeirra áhugasamir um að koma til okkar t.d. næsta haust. Laugardaginn 25. maí héldum við lokafund þar sem 1 þessara, Guðmundur Brynjar Guðmundsson, var tekinn inn Meðmælandi hans er Pétur Daníelsson. Síðan fóru fram stjórnarskipti en næstu stjórn skipa Pétur Daníelsson formaður, Guðmundur Jónsson ritari og Guðmundur Brynjar Guðmundsson gjaldkeri. Að fundi loknum var haldið á veitingastaðinn Sjávarborg þar sem nokkrir makar bættust í hópinn.

Guðmundur Jónsson



F.v. Guðmundur Brynjar Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Pétur Daníelsson.



F.v. Arnar Hrólfsson formaður, nýliðinn Guðmundur Brynjar Guðmundsson og Pétur Daníelsson meðmælandi hans.

Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi 50 ára



Lionsfélagar í Prag



Í sjónhverfingasafninu stekkur dádýr út úr myndinni og þiggur góðgæti úr lófa Ketils Helgasonar.

Vorið 1974 þegar þjóðin undirbjó fögnuð vegna þess að liðin voru 1100 ár frá upphafi byggðar á Íslandi var ýmislegt fleira í gangi á landinu. Á Svalbarðsströnd, í Hrafnagils-, Öngulsstaðar-, og Hrafnagilshreppi unnu menn við undirbúning að stofnun Lionsklúbbs sem síðan var formlega stofnaður 28. apríl 1974. Lionsklúbburinn fékk nafnið Vitaðsgjafi og var það sótt í Víga-Glúmssögu sem greinir m.a. frá atburðum á starfssvæði þessa nýja Lionsklúbbs. Í Víga-Glúmssögu segir svo; „En þau gæði fylgdu mest Þverárlandi, það var akur er kallaður var Vitaðsgjafi því að hann varð aldregi ófrær.“ Það að akurinn var aldrei ófrær táknaði að unnt var að þreskja korn á akrinum á hverju hausti. Lkl. Vitaðsgjafi fagnaði því 50 ára afmæli núna í vor.



Gamla brúin yfir Moldá er mikið mannvirki



Hluti gesta á hátíðinni

Þegar ný stjórn kom saman í upphafi starfsársins skipaði hún afmælisnefnd sem átti að leggja fram tillögur um hvernig klúbburinn gæti haldið upp á þessi merku tímamót. Í nefndina voru skipaðir Aðalsteinn Hallgrímsson, Sigurður Steingrímsson og Stefán Árnason.

Afmælisnefndin tók málið strax föstum tókum og niðurstaðan var að vera með tvo viðburði tengda afmælinu. Fyrri viðburðurinn var utanlandsferð til heimsborgarinnar Prag en sá seinni hátíðarsamkoma með veitingum og skemmtiatriðum sem haldin yrði í Tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

En af hverju að fara í borgarferð til útlanda? Lkl. Vitaðsgjafi hefur nokkrum sinnum á undanföllum árum farið til útlanda í svo kallaðar helgarferðir og þá til borga í Evrópu. Þessar ferðir hafa alltaf lukkast vel og þær þjappa félögunum saman, þeir kynnast betur og sjá nýjar hliðar hver á öðrum. Við megum aldrei gleyma því hvað það er mikilvægur hluti lionsstarfsins að hafa gaman og njóta félagsskapsins því að í kjölfarið verður öll vinna klúbbfélaganna léttari og skemmtilegri.

Borgarferðin hófst með beinu flugi frá Akureyri til Prag. Þó vissulega sé gaman að fara til Keflavíkur eru það ómæld þægindi að geta flogið beint frá Akureyri í stað þess að keyra til Keflavíkur og fljúga þaðan. Í ferðinni voru 30 lionsfélagar og makar sem flugu út 25. apríl, gistu í 4 nætur og komu heim þann 29.

Í Prag var fjölmargt gert til skemmtunar og fróðleiks. Afmælisnefndin hafði pantað siglingu á Moldá með kvöldverði og lifandi tónlist. Maturinn og upplifunin það kvöld var einstaklega skemmtileg og hrein unun að sjá ljósum prýdda borgina frá skipinu. Siglt var undir Karlsbrúna sem byggð var í byrjun 15. aldar eftir að fyrri steinbrú yfir Moldá hafði



Frá vinstri: Aðalsteinn Hallgrímsson, Stefán Árnason, Gunnar Haraldsson, Jón Jónsson formaður, Benjamín Davíðsson gjaldkeri og Sigurgeir Pálsson ritari.

nánast eyðilagst í flóði. Framkvæmdum við brúna lauk 1402 og hlaut brúin heitið Steinbrúin eða Pragbrúin. Brúin var gríðarlega mikil samgöngubót fyrir Prag, enda var Pragbrúin eina brúin yfir Moldá á þeim tíma. Frá því að brúin var byggð og til dagsins í dag hefur brúin skemmst vegna flóða og stríðsátaka en ávalt verið endurgerð.

Á sjálfan afmælisdaginn 28. apríl kom allur hópurinn saman til að fagna tímamótunum á veitingastað sem bauð upp á mat og skemmtiatriði í miðaldastíl. Þar naut fólk kvöldins undir borðum með framandi veitingum, tónlist frá fyrri tíð, eldgleypum og bardagaköppum sem léku listir sínar.

Meðan á ferðinni stóð var borgin, með öllum sínum listisemdum skoðuð, litið við á

söfnum, m.a. „Illusion Art Museum Prague“ þar sem gefur að líta sjónhverfingar af ýmsum toga. Heimferðin gekk vel og það var ósköp ljúft að lenda á Akureyri og vera kominn heim eftir nokkrar mínútur.

Þann 24. maí blés Vitaðsfjafi síðan til afmælisfagnaðar. Klúbbfélögum, mökum og stjórnun klúbba, ásamt mökum á svæði 6 í 109 B var boðið til fagnaðarins svo og umdæmisstjóra, svæðisstjóra og fjöllumdæmisstjóra. Alls mættu rúmlega 60 manns í afmælishófið. Á borðum var grillað lambkjöt og eftirréttur. Skemmtikraftar sáu um að spila undir borðhaldi og stjórnðu fjöldasöng.

Hjálparveitin Dalbjörg, Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis, Stuðningsfélag Einstakra barna og Grófin geðverndarféla

fengu styrki frá Vitaðstjafa sem voru formlega afhentir á hátíðinni. Þrír félagar í Vitaðsgjafa fengu viðurkenningar. Gunnar Haraldson og Aðalsteinn Hallgrímsson fegnu Melvin Johns orðu og Stefán Árnason fékk sérstaka orðu „Lions Foundation Melvin Jons Fellow“. Katli Helgasyni var veitt 50 ára íverumerki en hann er eini stofnfélagi klúbbsins sem enn er í Vitaðsgjafa.

Félagar í Vitaðsgjafa eru ánægðir með líðandi starfsár og horfa björtum augum til komandi tíma.

Aðalsteinn Hallgrímsson

Fiskitúr með Þórunni Sveinsdóttur VE 401 í lok apríl sl.

Ég skellti mér með strákunum á Þórunni Sveinsdóttur VE 401 í lok apríl, Við fylltum skipið af fiski á rúmlega 6 sólhringum, Veður var einstaklega gott fyrst til að byrja með en fremur leiðinlegt seinnipartinn, en það kom ekki að sök alltaf var fiskiríð gott.

Óskar Pétur Friðriksson Lionsklúbbi Vestmannaeyja

Áhöfn Þórunnar Sveinsdóttur VE 401.



Óskar Þór Kristjánsson, skipstjóri.



Sigurjón Viðarsson, yfir stýrimaður.



Sæþór Birgir Sigmarsson, vélstjóri.



Grétar Porgils Grétarsson, 1. vélstjóri.



Stefán Ólafsson, kokkur.



Árni Þór Gunnarsson, bátmaður.



Björn Björnsson, netamaður.



Kristján Gunnarsson, netamaður.



Hlynur Ágústsson, háseti.



Guðjón Orri Sigurjónsson, háseti.



Viktor Fannar Sveinsson, háseti.



Breki Marinósson, háseti.



Ólafur Óskarsson, háseti.



Birgir Davíð Óskarsson, háseti.



Andri Þór Indrídason, háseti.



Kristján Haukur Guðmundsson, háseti.

Heimsókn Patti alþjóðaforseta 2023-2024

Dr. Patti Hill og Greg Holmes á Íslandi í maí 2024

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrrv. Alþjóðaforseti Lions




Dr. Patti Hill alþjóðaforseti Lions og maður hennar Greg Holmes heimsóttu Lions á Íslandi fyrir stuttu. Skipulögð var þétt dagskrá mánudag til miðvikudags, 27.-29. maí, til að kynna verkefni Lions fyrir forsetahjónunum og gefa Lionsfélögum tækifæri til að ræða við þau. Við sýnum þeim verkefni klúbba í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Hveragerði. Við hittum forseta Íslands á Bessastöðum. Opíð hús var fyrir alla Lionsfélaga og margt fleira í boði.



Fjöldi Lionsfélaga frá Suðurnesjum og víðar, kom á flugvöllinn til að taka á móti Patti og Greg, en þau komu til Íslands sunnudaginn 26. maí frá Noregi og fóru aftur fimmtudaginn 30. maí til Kansas. Patti gaf sér góðan tíma til að heilsa öllum og ræða við þá.



Fyrsta heimsókn Patti og Greg var á Grensásdeild, en Lkl. Njörður hefur í langan tíma gefið deildinni mikið að tækjum og tólum til að sinna endurhæfingu fyrir fjölbreyttan hóp sjúklinga sem hefur misst



færni, tímabundið eða varanlega vegna slysa eða veikinda. Patti ræddi við starfsfólk og Njarðarfélaga og kynnti sér starfsemina og prófaði tæki sem Lionsfélagar hafa gefið deildinni.




Næsta heimsókn var í Ljósíð, sem er endurhæfing fyrir fólk sem er að glíma við krabbamein. Njarðarfélagar afhentu rausnarlega gjöf, eða þrjú hlaupabretti þetta skiptið, en þeir hafa áður stutt höfðinglega við Ljósíð eins og margir aðrir Lionsklúbbar á Íslandi.



Boð á Bessastöðum. Þá var komið að mikilvægum lið, sem er boð á Bessastöðum. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Eliza Reid tóku á móti Patti Hill og Greg Holmes ásamt forystu Lions á Íslandi. Móttakan var formleg í upphafi, en síðan voru afslappaðar umræður um hlutverk Lions, m.a. um frið og umhverfismál. Forseti Íslands er verndari Lions á Íslandi.



Patti Hill færði forsetanum táknræna gjöf, sem er hnöttur, umvafinn tveimur höndum. Greg Holmes færði forsetafrúnni bók „Uppskriftir að friði“ sem gefin var út til stuðnings LCIF og er þemað Friður og er bókin skreytt myndum af friðarveggspjöldum eftir börn, og er með mataruppskriftir frá ýmsum löndum, þar á meðal frá Íslandi sem undirrituð sendi, en það er humarsúpa frá Hornafirði.



Með Patti á myndinni er Sverrir frá HTÍ, LCIF-teymið á Íslandi Björn, Anna og Geirprúður og Kristján formaður Líknarsjóðs Njarðar, en hann sá um umsóknarferlið og samskipti við stjórn LCIF.



Patti afhenti formanni Lionsklúbbs Grindavíkur styrk frá Lions á Íslandi vegna náttúruhamfaranna.



Opið hús var í Lionsheimilinu og allir félagar, vinir og vandamenn boðnir velkomnir.

Mjög vel var mætt, félagar frá mörgum klúbbum víðsvegar af landinu. Lionsklúbburinn Úa sá um veitingar. Patti hét glimrandi ræðu, sem vakti aðdáun gestanna.



Sigríð fjölumdaemisstjóri og Patti alþjóðaforseti afhentu viðurkenningsgjöf til þriggja féлага fyrir frábært utanumhald og stjórn þinganna, sem voru fyrir í mánuðinum á Álftanesi; en þau hlutu Hörður Sigurjónsson, Sigríður Guðmundsdóttir og Jón Pálmason.



Lionsklúbbarnir Njarður og Víðarr afhentu gjöf til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, sem keypt var með styrk frá Alþjóðarhjálparsjóð Lions, LCIF. Forstjóri HTÍ Kristján Sverrisson tók við tækjunum, þakkaði Lions og sagði frá mikilvægi þeirra tækjanna, sem eru til mælinga og rannsókna á heyrn ungra barna.



Næsta dag var haldið til Hafnarfjarðar og dagurinn byrjaður á Lífsgæðasetri St. Jó.

Lionsklúbburinn Ásbjörn afhendi gjafir bæði til Parkinsonsamtakanna og Alzheimersamtakanna, en starfsmen kynntu aðstöðuna og



þjónustuna, sem er alveg einstök og sú eina á landinu fyrir Parkinsonsjúklinga.



Þá var komið að hinum hefðbundna lið að planta tré í Forsetaskógi Lkl. Ásbjarnar. Alþjóðaforsetar Lions hafa síðan 1999 gróðursett tré í þessum fallega gróðurreit. Að vel unnu verki var öllum boðið upp á íslenskar veitingar.



Í Reykjanesbæ tók Lionsklúbburinn Freyja á móti okkur í Endurhæfingarstöðinni, en þar geta einstaklingar með langvarandi stuðningsþarfir fengið tækifæri til að auka starfsgetu sína og taka þátt í daglegu lífi. Formaður Freyju afhenti stöðinni gjafabréf, en einnig til skátana í Reykjanesbæ og fleiri aðila. Í tilefni heimsóknarinnar ákváðu allir félagar í Freyju að gerast stuðningsaðilar LCIF, með því að borga 50 dollara á félag fyrir forsetamerkið "Presidential LCIF Supporter".



„First Lady“ Jenný Harðardóttir félagi í Lionsklúbbnum Garði, lét sig ekki vanta, en Jenný er fyrsta konan sem gekk í Lions á Íslandi í júlí 1987, og var með fyrstu konum í heiminum að gerast fullgildur Lionsfélagi.



Rokksafn Íslands og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar var næsti viðkomustaður. Flutt var stutt kynning á starfsemi, Haraldur eiginmaður Geirþrúðar verðandi fjölmæmisstjóra er skólástóri



Tónlistarskólans og Geirþrúður kennari við skólann. Var þetta því nokkuð fjölskylduævn heimsókn. Nemendur skólans léku tvö lög fyrir gestina. Lionsklúbbur Njarðvíkur styrkir Tónlistarskólann árlega til hljóðfæra- og tækjakaupa.




Lionsklúbburinn Æsa hélt sinn árlega blómamarkað þennan dag. Eftir að hafa skoðað blómin og spjallað við Lionsfélaga og bæjarbúa var boðið upp á kaffi og vöffur, auk þess sem IP Patti og Greg fengu gjöf frá klúbbnum, lopapeysur sem formaðurinn þrjónaði. Á leiðinni til baka til Reykjavíkur var nýja hraunið skoðað og smá sýnishorn tekið með í steinasafn Patti og Gregs.



Patti eyddi góðum tíma í að ræða um **átakið í félagafjölgun „Mission 1,5“** eða **„Verkefnið að vaxa“**, við fulltrúa GAT-teymisins, þ.e.a.s. fulltrúa í félagapróun, leiðtogafræðslu, þjónustuverkefnum og útbreiðslumálum.

Sams konar fund átti Patti með LCIF-teyminu og ræddi m.a. um leiðir til að kynna sjóðinn betur, nýjar fjáröflunarleiðir og að koma LCIF á framfæri til að fá styrktaraðila. Einnig um styrkumsóknir, sem gerir klúbbum kleift að sinna stærri verkefnum og gerir Lions sýnilegra.



Blaðamaður frá Morgunblaðinu hitti Patti og ræddi við hana um Lionsstarfið og heimsóknina, hennar sýn á Lions hér á landi og um allan heim. Viðtalið birtist í Morgunblaðinu laugard. 1. júní (bls. 30).



Lionsklúbburinn Fold hefur um langa hríð styrkir Konukot, sem er athvarf fyrir heimilislaugar konur. Þetta skiptið voru Konukoti afhentir



öryggisskápar, en áður hafði Fold gefið ýmis tæki sem Patti skoðaði, meðal annars forlata þvottavél.



starfsfólki á Höfuðstöðvunum, en á meðan fékk Greg meiri kynningu á svæðinu.



Þemað var "jarðhiti" það sem eftir var dagsins og var haldið austur fyrir fjall. Lionsklúbbur Hveragerðis og Eden tóku vel á móti okkur í gróðurhúsi Birgis formanns Lkl. Hveragerðis. Fengu Patti og Greg að kynna tækifærum jarðvarmans og kynntist verkefnum og starfsemi klúbbanna. Þau féllu alveg fyrir þessum litríku blómum og litríku starfi klúbbanna.



Lionsklúbbur Hveragerðis heiðraði einn féлага sinn og gerði að Melvin Jones féлага.



Á leiðinni austur byrjaði að gjósa á Reykjanesi (þar sem við vorum daginn áður), og kryddaði sú frétt alla dagskrána í Hveragerði. Leiðsögumaður var Jón Pálmason, sem fræddi Patti og Greg um jarðvarmann, um ógnanir og tækifæri, um Hellsisheiðarvirkjun og þróunina á Íslandi í endurnýjanlegum orkugjöfum. Halldór bauð upp á kjörís í tilefni afmælis síns þennan dag. Þannig endaði ferð þeirra Patti og Greg til „Lands elds og ísa“.

*Guðrún Björt Yngvadóttir
PIP, fyrrverandi alþjóðaforseti.*



Hugleiðingar frá þinghöldurum Lions þings á Álftanesi 2024

Hugmynd að Lions þinghaldi 2024 á Álftanesi í vesturbæ Garðabæjar fór af stað hjá félagum okkar Jóhanni Jónssyni í kjölfar þings 2023. Hugmyndin, sem var fyrst borin upp á fundi Lkl. Álftaness haustið 2023, fékk strax góðan hljómgrunn og samþykkt var að óska formlega eftir því að fá að halda þingið. Sem síðan gekk eftir.

Áhrif þess fyrir klúbbinn okkar að hafa haldið Landsþing Lionshreyfingarinnar á Íslandi 2024 eru mjög jákvæð. Þær ögranir sem við höfum mætt frá því hugmyndina bar fyrst á góma og verkefni sem við klúbbfélagarinn unnum saman í undanfara þingsins hafa bara styrkt Lionsklúbb Álftaness og þjappað okkur félögum vel saman. Á tímabili fundu menn fyrir dálitlum fót kulda

vegna verkefnisins en það var fljótt barið úr hópnum af mildilegri hörku þannig að þegar á hólminn kom voru allir hressir og glaðir og meginþorri meðlima klúbbsins tók virkan þátt í ævintýrinu.

Aðkoma Seylanna, kvennaklúbbs Lions á Álftanesi, skipti sköpum fyrir okkur í undirbúningi og framreiðslu veitinga á þinginu og ég held að við getum öll, Lionsfélagar á Álftanesi, verið stolt af þessu þingi og hvernig tókst til.

Þingsetningin á föstudeginum 10.maí með fánaberum á hestum er eftirminnileg, viðburðurinn vakti athygli hjá erlendum gestum okkar og komst meira að segja í staðarblöðin.

Stefán Árnason fjöllumdæmisgjaldkeri hélt mjög áhugavert námskeið á þinginu fyrir

verðandi gjaldkera. Stefán svaraði spurningum þátttakenda en upplýsti þá líka um ýmsa mikilvæga þætti starfs gjaldkerans sem snúa m.a. að skattamálum og frágangi gagnvart yfirvöldum. Áhugaverðast var þó að heyra hugleiðingar og vangaveltur fjöllumdæmisgjaldkera um yfirsýn eða skort á yfirsýn Íslendinga yfir alla þá vinnu sem samtök eins og Lions leggja af mörkum með vinnu inn í nærsamfélagi á Íslandi. Um það er ekki til neinn samræmdur miðlægur gagnagrunnur hjá hreyfingunni. Gaman verður að fylgjast með þeirri umræðu innan Lionshreyfingarinnar í kjölfar þingsins og hvaða framsetningu hreyfingin velur að hafa á þessum þætti Lionsstarfsins út á við á næstu árum.

Erindi sem Pirkko Vihavainen stjórnarmaður



frá Finnlandi hélt í upphafi þingsins á laugardeginum vakti athygli mína, þar sem hún sagði af ævintýri unga ljónsins sem naut traust í upphafi og óx því upp og varð að þeirri stjórnarmannskju innan Lionshreyfingarinnar sem við fengum að kynnst á þinginu. Sem aðstoðarritari á þinginu fékk ég tækifæri á að biðja Pirkko um afrit af ræðunni sem hún gaf mér og veitti mér leyfi til að birta ræðuna á Lionsvefnum eða koma efninu í þann farveg sem ég teldi bestan og þið sjáið fljótlega. Samskipti við Prikko í kjölfarið hafa blásið mér og okkur félögum í Lionsklúbbsi Álftaness byr í brjóst sem við ætlum okkur að nýta til frekari átaka og sigra í framtíðinni.

Þau stuðningsverkefni sem voru kynnt í tengslum við Rauðu fjöðrina 2025 voru bæði mikilvæg og falleg, þ.e. Pieta verkefnið og stuðningur við sjónskert börn. Valið á Pieta-verkefninu og stuðningi við #segðuþaðupphátt sem þau eru að fara af stað með tel ég að nýti vel slagkraft okkar hreyfingar og tengingar við nærsamfélagið þar sem sá þáttur vegur í engu minna en fjárhagslegi stuðningurinn.

Verkefnið Broskarlar í Afríku sem Anna Helga Jónsdóttir og Gunnar Stefánsson kynntu fyrir okkur og gengur út að að gefa yngri íbúum í Afríku tækifæri til að læra með aðstoð aðgengilegrar tækni var einstakt og fékk mig bæði til að hlæja og tárast. Á næsta fundir okkar Lkl. Álftaness var tekin ákvörðun um að styðja verkefnið og svo að tvöfalda þann stuðning eftir hugleiðingar í hópnum.

Kynning á verkefni sem Lionsklúbbsur Álftaness setti af stað á þinginu og varðar stuðning við gigtardeild Landspítalans var okkur klúbbfélögum mikilvæg og við vonumst til að verkefnið verði bæði Lionshreyfingunni og okkur Íslendingum sem þjóð til góðs til að byrja með. Ekki er ólíklegt að þetta verkefni geti orðið stærra en önnur samfélagsverkefni sem Lk. Álftaness og íslenska Lionshreyfingin í heild hefur komið að. Grunnur verkefnisins var lagður með stuðningi Lionshreyfingarinnar á Íslandi árið 1996 þegar hreyfingin kom að stofnun rannsóknarstofu Landspítalans í gigtarsjúkdómum. Það framtak hefur haft umtalsverð jákvæð áhrif á stöðu gigtarsjúklinga á Íslandi. Við Lionsmenn á Álftanesi komum



til með að fjalla meira um gigtarverkefnið okkar, þar sem okkar á við okkur öll, á þessum vettvangi og víðar. Við munum áfram vinna ótrauðir að undirbúningi verkefnisins og kynna fyrir Lionsfélögum á haustmánuðum hugmyndir okkar að næstu skrefum.

Á þinginu kynntum við gigtarverkefnið einnig fyrir Prikko hinni finnsku sem hvatti okkur til að halda áfram og setja verkefninu háleit markmið.

Þótt við félagarnir í Lkl. Álftaness séum sáttir með Landsþing 2024 og framkvæmd þess þá vögnuðu hjá okkur fjölmargar spurningar og vangaveltur um almennt form og framkvæmd þingsins. Hugsanlega má nýta mun betur tímann við undirbúning þinghalds sem þessa og vinna markvissar saman að mótun hugmynda og stefnu fyrir hreyfinguna þegar svo margir Lionsfélagar koma saman sem og þingstórfum öllum?

Það er líka áhugaverðara að heyra af því sem hefur verið gert og áorkað í stað upptalninga á fundum og ferðum, þó slíkt geti líka verið áhugavert.

Átaksverkefnið 1,5m sem Guðrún Björt kynnti var mjög áhugavert. Ef við ætlum hins vegar að ná til yngra fólks og halda öflugum fólki þá þurfum við sennilega að nýta vettvang eins og Landsþing Lionshreyfingarinnar betur til að kveikja nýja elda og hvetja okkar fólk til virkari þátttöku í starfi hreyfingarinnar og kynningu á því.

Með því að virkja betur þann mannauð sem við sem félagasamtök búum yfir og vera sýnilegri í okkar verkefnum er líklegt að við löðum að okkur fólk sem bæði vill og getur

lagt lið í að gera samfélagið betra. Hugsanlega er formið frá alheimssamtökunum að setja okkur einhverjar skorður?

Til að stór samkoma eins og Landsþing nýtist vel þurfum við að vera með fyrirkomulag sem virkjar betur og hvetur einstaklingana í hópnum til að koma með hugmyndir og taka þátt í skoðanaskiptum – þannig verðum við bæði sterkari og áhugaverðari fyrir nýja félaga og líklegri til að ná betur til ungs fólks.

Þó við skilgreinum okkur sem þjónustuhreyfingu, sem við sannarlega erum, þá erum við líka mannræktarsamtök sem eflum og styrkjum okkar fólk, sérstaklega með virkri þátttöku í fundum og verkefnavinnu í heimabyggð sem og á landsvísi. Hugsanlega ættum við að leggja meiri áherslu á þennan þátt og kynna fyrir mögulegum nýjum félögum sem eftirsóknarverðum viðbótarávinningi við gleðina af þátttökunni og því að gefa af sér?

Í lok þingsins var það einhver sem nefndi við okkur, sennilega í gríni, hvort við værum til í að halda Lionsþing aftur þar sem þetta gekk bæði stórslysalaust og sennilega bara ansi vel fyrir sig – svarið við því er einfalt, að sjálfsögðu. Við lærðum margt af því að halda þingið og ef einhverjir óska eftir að nýta okkar reynslu þá getum við eflaust tekið saman punkta sem getur auðveldað næstu þinghöldurum lífið.

Hlakka til að mæta að ári til Ólafsvíkur og fá þar ferskan vestanvind í seglin hjá okkur.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Álftaness.

Jónatan Smári Svavarsson

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar byrjaði starfsárið á sinni árlegu útilegu og golfmóti í Skógarnesi við Apavatn ásamt félögum úr Lkl.Úu helgina 18-20 ágúst.

Helstu verkefni og félagsstarf vetrarins voru sviðamessa í umsjón sviðamessunefndar 9.nóvember. Blóðsykurmælingar 14.nóvember í samstarf við Lkl.Úu. Fórum í snóker 30 nóvember. Tókum þátt í fjölskyldu aðventustund í Lágafellskirkju þann 10.desember þar sem Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ afhentu styrki til Hjálparsjóðs Lágafellssóknar. Við fórum í keilu 28.desember og í janúar fórum við ásamt Úum í vínsmökkun til U.Va. vínklúbbsins.

Herrakvöldið okkar var 9. febrúar og herrakvöldsnefndin sá um að skipuleggja þann viðburð sem er aðal fjáröflunin okkar. Við viljum þakka þeim listamönnum sem hafa styrkt okkur og málverkaupboðið okkar í mörg ár en þau eru Tolti, Sossa og Ninna.

Við endurvöktum gamla hefð á sumardaginn fyrsta og vorum með fjölskyldustund í Hlégarði þar sem boðið var upp á vöfflukaffi og buðum fjölskyldu og vinum. Þar notuðum við tækifærið til að kynna starfið afhentum ýmsar viðurkenningar fyrir starfsárið sem og afhentum Melvin Jones og tókum formlega inn nýja félag. Var þetta vel heppnuð stund

sem Úurnar tóku einnig þátt í. Lokafundur og stjórnarskipti voru svo á lionshátíðinni á lkionsþinginu á Álftanesi. Hinn árlegi útreiðartúr er áætlaður í júní.

Við fengum fjóra fyrirlesara í vetur, 2. varaumræmisstjóra 109B Aðalstein Hallgrímsson Lkl.Vitaðsgjafa Eyjafjarðarsveit, Guðmund Oddgeirsson Lkl. Þorlákshafnar sem fræddi okkur um kosti og galla þess að setja upp vindmyllur, Bjarka Bjarnason rithöfund og Helga Mána Sigurðsson sagnfræðing og rithöfund.

Fjórir félagar fengu Kjaransmerki vegna stórafmæla þeirra en ágóði merkjanna rennur í Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar sem er hinn Íslenski hjálparsjóður Lions.


Allir félagar hafa hlotið Melvin Jones sem gerir klúbbinn að 100% Melvin Jones.



*Með kveðju frá Lionsklúbbi Mosfellsbæjar
Þorsteinn Ólafsson formaður*



Júní – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lkl. Bjarma





Lionsklúbburinn Úa



Sum fyrr leikur lífið við Úur í Mosfellsbæ við skemmtilegt og nærandi starf klúbbsins. Fundað er einu sinni í mánuði og þá mæta iðulega fyrirlesarar og mætti nefna að á fundi ársins hafa mætt Regína Ástvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar er ræddi atvinnu- málafestnu Mosfellsbæjar og fleira. Aðalsteinn Hallgrímsson 2. varaumdæmisstjóri 109B heimsótti Úur og kynnti sig og sinn klúbb sem er Vitaðsgjafi í Eyjafjarðarsveit. Þá hélt fyrirlestur Margrét Guðjónsdóttir lögmaður um erfðamál.

Einu sinni í mánuði hittast Úur í svokallaðri útivist og sjá nefndir til skiptis um að brydda uppá skemmtilegri samveru. Sem dæmi þá var farið í bíó á íslensku myndina Fullt hús og einnig var farið í í keilu og út að borða og sem fyrr höfðu konur gaman saman.

Bingó og skemmtikvöld var haldið í Lions heimili. Komu þar saman Úur og gestir þeirra. Skemmtinefndin sá um að safna vinningum, skipuleggja dagsskrá og veitingar.

Úur ásamt Lionsklúbb Mosfellsbæjar buðu í vöfflur sumardaginn fyrsta, í Hlégarði og fögnuðum sumri með sínu fólki. Þetta var hin hátíðlegasta stund og gaman að endurvekja þennan góða sið.

Í vor var haldið til Vestmannaeyja í vorferð. Búa Úur svo vel að Ósk ein okkar er uppalin og hefur góð tengsl til eyjarinnar fögru.



Skipulagði hún ásamt skemmtinefndinni lista ferð sem verður lengi í minnum höfð. Þar var meðal annars farið í skemmtilega bátsferð út í Kletthelli ásamt því að keyra um eyjuna, fara í pílu og borða góðan mat. Ekki má gleyma heimsókn þar sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja tók á móti okkur.

Ekki má gleyma Lionsþinginu sem haldið var á Álftanesi í maí en þar mættu margar Úur og nutu vel, skemmtu sér og lögðu að mörkum. Sigga okkar Guðmunds var netsstjóri ásamt því að hún kenndi í ritaraskólanum. Dagný okkar fékk viðurkenningu fyrir framlag hennar og Kidda til Alþjóðahjálparsjóðsins og var kosin

umhverfisstjóri. Báðum var boðið í heimsókn á Bessastaði ásamt öðru völdu Lions fólki.

Úum sem áttu stórafmæli á árinu voru færð Kjaransmerki.

Fimm Úur hlutu Melvin Jones viðurkenningu.

Þrjár konur gengu til liðs við Úur á árinu. Stjórnarskipti munu fara fram þann fjórða júní og mæta þá Úur þrjúbúnar á Kringlukrána og ný stjórn tekur við.

Árangursríkt samstarf klúbba

Lionsklúbbarnir Njörður og Víðarr í Reykjavík afhentu Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) tækjagjöf að andvirði um 13.000.000 þann 27. maí sl. Gjöfin er gefin í samstarfi við Alþjóðahjálparsjóð Lions LCIF, sem lagði helming til hennar með klúbbunum. Afhending gjafarinnar fór fram í Lionsheimilinu í Reykjavík í móttökuhófi fyrir alþjóðaforseta Lions Patti Hill, vegna heimsóknar hennar til landsins.

LCIF sjóðurinn setur ýmis skilyrði fyrir því að styðja verkefni klúbba. Það þarf að vera mjög brýnt fyrir viðkomandi samfélag og krafa er gerð um að a.m.k. tveir klúbbar í sama umdæmi standi fyrir verkefninu.

Við Njarðarfélagar vorum svo lánsamir að Lkl. Víðarr samþykkti að vinna með okkur að úrbótum á tækjakosti Heyrnar- og talmeina- stöðvarinnar. Alþjóðahjálparsjóðurinn mat síðan umsókn klúbbanna svo brýna, fyrir allan landslýð, að hann samþykkti að styðja verkefnið að hálfu á móti klúbbunum.

Ástæðan fyrir þessum styrk var neyðarkall frá HTÍ sökum vanmáttar stofnunarinnar til endurnýjunar á búnaði til heyrnamælinga. HTÍ hefur um langt skeið búið við fjársvælti svo í óefni var komið. Afleiðing lélegs tækjabúnaðar hefur verið starfsmannaflótti og mannekla. Biðlistar hafa sífellt lengst og jafnvel börn á aldrinum 0-18 ára, sem eru forgangshópur hjá HTÍ, hafa þurft að bíða í 6-12 mánuði eftir þjónustu, sem er algjörlega óviðunandi. Þess vegna var lögð megin áhersla á að velja m.a. tækjabúnað sem hentar sérstaklega fyrir áðurnefndan aldurshóp.

Styrkur Lionsklúbbanna og LCIF miðar að því að útvega HTÍ nauðsynleg mælitæki til að sinna öllum þeim mælingum, sem þörf er á til að tryggja skjóta greiningu og snemmtæka íhlutun við börn með heyrnarvandamál. Um er að ræða mælitæki sem má nota allt frá einföldum skimunarmælingum fyrir nýbura og eldri börn til flóknustu mælinga s.s. heilastofnmælinga. Þá er einnig um að ræða hjálparbúnað til að auðvelda sérfræðingum HTÍ mælingar á yngri börnum sem ekki geta sjálf svarað mælingum. Tækin nýtast einnig við kennslu heyrnarfræðinema og sérfræðilækna varðandi heyrnarmælingar barna.

HTÍ starfrækir einu alhliða heyrnarþjónustustöðina á Íslandi.



Takmarkið er að búa hana þeim mæli- og greiningarbúnaði, sem nauðsynlegur er til að sinna öllum heyrnarskertum og heyrnarlausum börnum á landinu.

Stöðin stefnir að því að kenna sjálf, heyrnarþjónustufólki, allar tegundir heyrnarmælinga barna og unglunga. Verklep kennsla heyrnarfræðinema hefst haustið 2024 og kennsla sérfræðilækna í háls- nef og eyrnalækningum vonandi sömuleiðis á árinu.

Það er einlæg von lionsklúbbanna sem standa að þessum stóra styrk, að hann bæti ekki aðeins úr brýnustu vandræðum HTÍ. Hann hreyfi þannig við ráðamönnum landsins, að þeir skilji mikilvægi þess að allur aðbúnaður, tækjakostur og þjónusta Heyrnar og talmeina- stöðvarinnar verði ekki áfram hornreka þegar kemur að fjárveitingum.

Minning † Jón R. Sigurjónsson



Kveðja frá Lionsklúbbnum Frey.

Hinn 20. október 2023 kvöddum við elsta féлага okkar Jón R. Sigurjónsson.

Jón var fæddur 1. apríl 1927 og lést 8. október 2023. Jón var einn af stofnendum Freys árið 1968. Hann hafði því starfað í klúbbnum í 55 ár var formaður klúbbsins í eitt ár og gjaldkeri í tvö ár, eins var hann í félaganefnd,

ferðanefnd, landgræðslunefnd, skemmtinefnd og heimildaritari í eitt ár.

Þá lagði hann fram merkingarskrár yfir vegaslóða og ár og sat í vegprestanefnd til margra ára. Klúbburinn tók að sér á þessum árum að merkja hálendisslóða sem þá voru ómerktir, og síðar allar ár á hringveginum sem þá voru margar ómerktar.

Jón tók þátt í flestum þessara ferða og var fremstur í þeim hópi féлага.

Jón vann hin ýmsu störf í gegnum árin, kynnti sér fljótt tölvutækniina og var vel að sér í þeim efnum. Hann var gjarnan kallaður fræðingurinn í hópi féлага, og voru það orð að sönnu., því oft var leitað til hans með ýmislegt.

Jón mætti vel á fundi klúbbsins allt from til síðasta dags.

Að leiðarlokum viljum við félagarnir þakka Jóni fyrir hans störf í þágu klúbbsins og verður hans sárt saknað.

Við sendum fjölskyldu hans okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd féлага Lionsklúbbsins Freys

Magnús Tryggvason

Lionsklúbburinn Dynkur

Laugardagurinn 25. maí átti að vera Lskemmtidagur hjá Lkl. Dynk. Ferðalag um Rangárvallasýslu þar sem Dynksfélagar og makar ætluðu að skoða fyrirtæki og söguslóðir og ljúka deginum með stjórnarskiptafundi hjá Land hótél. Lagt var af stað með rútu frá Guðmundi Tyrfingssyni frá Hestakránni en þar heldur Lkl. Dynkur sína fundi. Fyrsta áfanga ferðarinnar lauk hjá Eimverk en þar er Flóki viský bruggað eftir kúnstarinnar reglum. Eftir útskýringar á upphafi brugghússins og framleiðslunni fengum við að smakka á ýmsum þeim tegundum sem bruggaðar eru, viský, brennivín og gin. Það er skemmst frá að segja að smökkunin tókst vel og var gerður góður rómur af framleiðslunni. Nokkrir félagar keyptu sér sýnishorn af framleiðslunni til að njóta síðar.

Eftir skemmtilega stund hjá Flóka var lagt af stað í annan áfanga ferðarinnar og stefnan var sett á Gunnarsholt en þar eru Laxárdalsbændur með land á leigu og rækta þar korn af öllum gerðum. Kornid nota þeir svo til matar fyrir svínaeldi í Laxárdal og eru þannig sjálfum sér nægir varðandi fóður. Björgvin Þór Harðarson fræddi okkur um ræktun og tilraunir

sem þeir gera í Gunnarsholti. Eftir erindi Björgvins var létt næring þar sem svangir ferðamenn fengu sér samlokur og drykki til að skola þeim niður. Síðan var gengið um svæðið og skoðaðar vélar og tæki til kornræktar og kornskurðar undir leiðsögn Björgvins.

Þriðji leggur leiðarinnar var svo skoðunarferð undir leiðsögn um Fljótshlíðina þar sem skoða átti landnámslóðir og átta sig á því af hverju menn vildu helst ekki yfirgefa hana. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Við höfðum ekki ekið lengi þegar vegkantur gaf sig undan rútnunni (á að vísu eftir að rannsaka) og rútan valt heilan hring og endaði á hjólunum. Til allrar hamingju voru flestir í bílbeltum en því miður ekki allir.

Allir sem voru í rútnunni meiddust eitthvað, margir aðeins lítillega en aðrir meira. Viðbragðsaðilar voru fljótir á staðinn en innan við 10 mín. liðu frá því að hringt var í 112 þar til fyrsti sjúkrabíll kom á vettvang. Fljótlega voru óteljandi sjúkrabílar, lögreglubílar og hjálparveitabílar komnir á vettvanginn með enn fleiri viðbragðsaðila. Innan skamms var slysavettvangurinn fullur af fólki sem hlúði að

þeim slösuðu og í gagn fór vinna í að flokka fólk niður eftir meiðslum. Tvær þyrlur frá Landhelgisgæslunni komu og fluttu 7 einstaklinga á Landsspítalann til frekari skoðunar og aðhlyningar. Nokkrir voru fluttir með sjúkrabílum á HSU á Selfossi en afgangurinn af okkur, þeir sem voru minnst slasaðir, fóru með bílum frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og Brunavörnum Árnassýslu á Heilsugæslustöðina á Hellu. Þar beið okkar hópur heilbrigðisstarfsfólks og félagar frá Rauða krossinum. Olís skálinn á Hellu sendi kaffi og bakkelsi til okkar. Á heilsugæslustöðinni vorum við skoðuð og gert að sárum af gersamlega frábæru starfsfólki og eins sátu félagar Rauða krossins hjá okkur og hjálpuðu okkur að takast á við áfallið. Eftir skoðun vorum við flutt í rútu sem send hafði verið frá Guðmundi Tyrfingssyni á Selfoss. Hjá heilbrigðisstofnuninni beið okkar hópur heilbrigðisstarfsfólks, lögregla og enn fleiri félagar Rauða krossins. Þar fór fram enn dýpri og meiri skoðun á heilbrigði og heilsu ásamt spjalli við Rauða kross fólkið. Sumir fengu að fara heim að skoðun lokinni meðan aðrir





dvöldu á sjúkrahúsinu. Þegar þetta er ritað eru enn þrír einstaklingar á sjúkrahúsi þar sem gert er að meiðslum þeirra en allir á batavegi.

Eftir þessa lífsreynslu er okkur efst í huga þakklæti til allra þeirra sem þustu á vettvang til að hjálpa okkur. Heilbrigðisstarfsfólk HSU á Hellu, Selfossi og Laugarási, Brunavarnir Rangárvallasýslu, Brunavarnir Árnessýslu, Rauði krossinn á Suðurlandi, Flugbjörgunar-sveitin Hellu, og björgunarsveitir á suðurlandi, Landhelgisgæslan, vegfarendur og Olís skálinn á Hellu. Eins fá eigendur og starfsmenn

Guðmundar Tyrfinngssonar miklar þakkir ásamt Tryggingamiðstöðinni. Allir þessir aðilar lögðu okkur lið meðan á þessum hremmingum stóð og eins í framhaldinu.

Fjöldi lionsfélaga um land allt hafa hringt og skrifað til okkar og þökkum við þær kveðjur allar.

Eins og staðan er er enginn það sem kallast „alvarlega“ slasaður en ljóst er að þó nokkrir koma til með að eiga langan tíma fram undan við að ná heilsu á ný.

Að lokum má geta þess að forseti Íslands,

Guðni Th. Jóhannesson, sendi kveðjur sínar og bauð klúbbum að ljúka ferðinni með heimsókn á Bessastaði. Vitanlega þáðum við boð verndara Lionshreyfingarinnar á Íslandi og bíðum spennt eftir að geta lokið skemmti-ferðinni.

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.



Myndir frá lionsþinginu á Álftanesi

Ljósmyndarar eru Jónas Yngvi Ásgrímsson og Þorkell Cýrusson.



Heimsókn til Noregs

Fyrir nokkrum vikum fór ég á þing Norðmanna var það um margt áhugavert voru Norðmenn að halda upp á 75 ára afmæli Lions í Noregi. Norska lionshreyfingin heldur upp á fjöllumdæmisþingið sitt sérstaklega og umdæmisþingin á öðrum tíma. Sama gera hin Norðurlöndun að undanskildum okkur Íslendingum. Lion í Noregi eru duglegir að kynna verkefni sín á þingum en núna var meira lagt í kynningarnar vegna 75 ára afmælishátíðar og mættum við taka það upp á okkar þingum.


Gunnar Aasvagen umdæmisstjóri bar mig á höndum sér á þinginu og kann ég honum miklar þakkir fyrir. Við kynntumst þegar hann kom á þingið hér á Íslandi núna í maí mánuði svo við þekktust fyrir svo ekki skemmdi það. Meðal annars spjallaði ég við stjórnarmann Norska

blindrahundaskólans og hefur hann mikinn áhuga á samstarfi við Lions á Ísland og er það þegar í skoðun hjá fjöllumdæminu og verður áfram á næsta starfsári og þá verður líklega tekin ákvörðun um aðkomu Lions á Íslandi á því.

Í kynningarferðinni var meðal annars farið í Eidsvollsbygginen þar sem var stjórnarskráinn var skrifuð og Loftet þar sem boðið var uppá "Rømmegrøt" afar lúfengt með kanil.

Í allastaði frábær ferð sem endaði svo á því að ég lenti 20 mínútum á undan alþjóðaforseta Lions Dr. Patti Hill og náði að fylgja þeim hjónum inn í landið.

Sumarliði Ásgeirsson vara umdæmisstjóri 109B



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja 50 ára



G læsileg afmælishátíð klúbbsins var haldinn á veitingastaðnum Einsa Kalda þann 5. apríl og mættu tæplega 80 manns til að fagna afmælinu.

Tímamót á fimmtíu ára afmæli.

Í tilefni afmælisins var ráðist í það verkefni að gefa út veglegt afmælisrit **Tímamót**, sem Guðni Einarsson, Ómar Garðarsson og Sigmar Georgsson ritstýrðu. Í ritinu er merk saga LionsklúbbsVestmannaeyja í 50 ár rakin og þar kemur fram að afrekin eru fleiri og stærri en flesta gruna og ómetanlegt starf Lions í 50 ár tíundað.

Hátíðarkvöldverður og dagskrá

Lionsklúbbur Vestmannaeyja var stofnaður 6. Apríl 1974 og fagnaði hálfra-aldarafmæli með veglegum hátíðarkvöldverði á Einsa kalda og glæsilegri dagskrá. Formaður Bergvin Oddsson ávarpaði gesti og skipaði Ingimar Georgsson sem veislustjóra kvöldsins.

Formaður afmælisnefndar Sigmar Georgsson flutti hátíðarávarp og kom víða við í farsælu

starfi klúbbsins og í lokaorðum kom hann inn á samheldni og vinskap lionsfélaganna til að koma mörgum góðum verkum til leiðar fyrir samfélagið.

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri færði klúbbsnum hlýjar kveðjur og þakkaði lionsmönnum farsælt starf í þágu Vestmannaeyja í 50 ár. Nefndi hún m.a. tækjakaup Alþjóðahjálpar-sjóðs Lions til sjúkrahússins 1974, stofnár klúbbsins og flýtti fyrir opnum Sjúkrahússins um einhver ár. Og núna eru þeir lionsmenn í stóru samfélags-verkefni, „Karlar í skúrum“, sem er virk úrræði fyrir karlmenn og mun fljótlega verða að veruleika.

Þórður Rafn Sigurðsson útgerðarmaður, einn af stofnfélögum LionsklúbbsVestmannaeyja kom færandi hendi og afhenti klúbbsnum peningaupphæð upp á kr. 500 þúsund til verkefnisins „Karlar í skúrum“. Hann sagði frá upphafsárum klúbbsins, fiskiróðrunum, skemmtunum og ógleymanlegu ferðalögum þar sem þeir félagar og makar voru alltaf til í slaginu.

Ágúst Pálmar Óskarsson er einn af stofn-

félögum klúbbsins og er sá eini sem enn er starfandi. Af því tilefni var honum veitt viðurkenning frá klúbbsfélögum sínum, sem vilja þakka honum fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins og afhentu honum forláta gullúr með áritaðri kveðju.

Ægir Ármannsson var með kynningu á Alþjóðahjálparsjóðnum L.C.I.F. og endaði að segja frá þeim styrkjum sem L.C.I.F hefur veitt til Íslands frá upphafi og árið 2021 hefði Lionsklúbbur Vestmannaeyja fengið úthlutun upp á 12,5 milljónir í opnum augnlæknastofu á HSU í Vm.

Ekki má gleyma tónlistarhjónum Helgu Jónsdóttur og Arnóri Hermannssyni, sem höfðu samband við stjórn Lionsklúbbsins og buðust til að gefa okkur tónlistarflutning á afmælinu með þakklæti fyrir alla þá aðstoð sem klúbbsurinn hefur veitt vegna veikinda fólks á liðnum árum. Fluttu þau hjón nokkur lög á sinn einstaka hátt.

Að hugsa út fyrir ramman er viðurkenning sem veitt er lionsfélaga sem kemur með hugmynd eða nýtt verkefni sem heppnast vel.



Formaðurinn Bergvin Oddsson hlaut viðurkenninguna að þessu sinni fyrir verkefnið 42 – 240 sem er söfnunarverkefni allra lionsklúbba vegna hörmunganna í Grindavík á undanförunum mánuðum.

Óskar Pétur Friðriksson var með kynningu á Landsverkefninu 42 – 240 Grindavíkursöfnun Lionsklúbba á Íslandi. Óskar Pétur þakkaði öllum þeim klúbbum sem tóku þátt í að gera þetta verkefni að veruleika og sagði í lokin að í Heimeyjargosinu 1973 voru Eyjamenn í lausu lofti í marga mánuði líkt og íbúar Grindavíkur eru í dag og náum svo vel að samsvara okkur við líf fólksins.

Því næst voru þrjár fulltrúar Lionsklúbbs Grindavíkur beðnir að koma og taka við ávísun, gjafabréfi og nafnalista frá 35 lionsklúbbum á Íslandi alls að upphæð kr. 7.750.000,00 ásamt fylgiskjölum af söfnunarreikningi endurskoðuðum af Deloitte á Íslandi.

Afmælisnefnd ákvað á þessum merku tímamótum að veita æðstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar, Melvin Jones skjöldinn og valdi nefndin sex félagar til að verða Melvin

Jones félagi. Þeir eru Friðrik Harðarson sem gekk í klúbbinn árið 1999, Georg Skæringsson sem gekk í klúbbinn árið 1999, Hjálmar Brynjúlfsson sem gekk í klúbbinn árið 1999, Hörður Þórðarson sem gekk í klúbbinn árið 1982, Óskar Pétur Friðriksson sem gekk í klúbbinn árið 2008 og Ægir Ármannsson sem gekk í klúbbinn árið 2008. Var þeim þökkúð vel unnin störf fyrir klúbbinn.

Ingimar Georgsson veislustjóri stýrði veislunni með glæsibrag og hélt gleðinni lifandi allt kvöldið með léttu gríni og sögum. Hann fór yfir verkefnið Karlar í skúrum, sem er virkniverkefni fyrir karla á öllum aldri og er verkefnið að erlendra fyrirmynd og snýst um að veita mönnum tækifæri til að sinn hugðarefnum sínum og um leið að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Karlar í skúrum er úrræði sem gefur karlmönnum stað og stund til að hittast, vinna að sameiginlegum eða eigin verkefnum. Hverjum á sínum hraða. Markmiðið er að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karla er höfð í fyrirrúmi. Þeir geti haldið sér við líkamlega og félagslega. Megináhersla er lögð

á vinnu úr tré og hvers konar annað handverk. Tilgangurinn er að auka lífsgæði gegnum handverk, tómstundir og ekki síst samveru.

Stjórn Lionsklúbbs Vestmannaeyja veitti Sigmari Georgssyni Kjaransorðuna fyrir framúrskarandi störf í þágu klúbbsins. Máttarstólpar eru mesta verðmætið sem býr í lionshreyfingunni og áhrifa Sigmars hefur gætt mjög í þessa hálfu öld sem hann hefur lagt klúbbum lið. Sigmari er svo sannarlega vel að því kominn að hljóta Kjaransorðuna segir í forsendum.

Formlegri söfnun 42 -240 lauk formlega á hádegi 3. apríl s.l. og þá höfðu 35 klúbbar greitt í söfnunina kr. 7.750.000,00

Pann 15. apríl bárust greiðslur inn á söfnunarreikninginn frá 2 lionsklúbbum þótt söfnun væri formlega lokið samtals 480.000,00 og hafa þá **37 klúbbar** lagt þessu verkefni lið og heildarupphæð **kr. 8.230.000.**

Lionsklúbburinn Engey

Starfið í klúbbnum



Við afhendingu gjafabréfs til Líknadeildarinnar í Kópavogi.



Borðið og stólarinnir á öðru útisvæðinu við Líknadeildina.



Kátar á Porrablótí Engeyjar.



Skógarbæjardagurinn.



Jóna Guðjónsdóttir formaður og Halldóra Anna Þorvaldsdóttir.



Hildur Maríasdóttir og Friðrik Hansen Guðmundsson.

Við höfum starfsárið með fundi í Kringlukuránni 11. september, þá voru hugmyndir af verkefnum ársins kynntar og einum félagaveitti Kjaransmerki í tilefni afmælis. Klúbbfundir eru haldnir þar annan mánudag hvers mánaðar nema jólafundur og lokafundur. Eins og undanfarin ár höfum við haldið áfram með þrjónaverkefnið okkar sem við leggjum mikinn metnað í. Við komum saman í Lionsheimilinu flesta mánudaga, sitjum við hannyrðir í 2-3 klst. auk ómældra vinnustunda heimafyrir.

Klúbbfundir á árinu voru vel sóttir, góð samstaða um verkefni starfsársins og áhugaverðir fyrirlesarar komu í heimsókn. Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur fjallaði um bók sína „Land næturinnar“ og varpaði glærum á tjald sem sýndu söguvið bókarnar. Friðrik Hansen Guðmundsson umdæmisstjóri og Sigmar Arnar Steingrímsson svæðisstjóri, mættu á fund og sögðu frá áherslumálum sínum og jafnframt veitti Friðrik Hansen viðurkenningar fyrir 35 ára og 10 ára störf í Lions. Á þeim fundi gaf félagi okkar í verkefnasjóðinn 50 þús.kr. sem hún hafði fengið greiddar fyrir gamla mynt víða að úr heiminum. María Guðmundsdóttir, verkefnastjóri jarðhitamála hjá Orkustofnun á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, flutti fræðandi erindi. Elín Sigríður Jónsdóttir lögmaður flutti erindi um erfðamál. Ólöf Rún Tryggvadóttir lyfjateknir sagði frá fyrirtæki sínu „Eylíf“ og vörum sem fyrirtækið framleiðir.

Á fundi í nóvember var félagaveitti Kjaransmerki í tilefni stórafmælis og á fundi í mars var Halldóra A. Þorvaldsdóttir sæmd Melvin Jones viðurkenningu fyrir gott og ótult starf, en hún gekk í klúbbinn árið 2003. Því miður lést góður og traustur félagi okkar á árinu, Guðrún Ragnheiður Þorvaldsdóttir, tvíbúrasystir Halldóru og er Guðrúnar minnst í

febrúarblaði Lions. Í september var farið í Borgarleikhúsið og horft á „Með Guð í vasanum“ og í febrúar mættum við í postulínsmálingu í Noztru á Grandagarði.

17. nóvember stóðu klúbbfélagar fyrir blóðsykursmælingum í göngugötunni í Mjódd, tveir félagar sáu um ástungur, hjúkrunarfræðingur og frumutæknir. Á sama tíma héldum við basar með úrvali af þrjónavörum og ýmislegu bakkelsi og rann ágóðinn allur í verkefnasjóð klúbbsins.

Við tókum þátt í söfnun birkifraeja og í jólamánuðinum færðum við Hjálparstarfi kirkjunnar handunninn barnafatnað, alls 105 stk. peysur, húfur, vettlinga, sokka, ungbarnasett og teppi, svo eitthvað sé nefnt. Þá tók Litla lopasjoppa á Hellu við 25 handþrjónuðum lopapeysum frá okkur og fer andvirði þeirra óskipt í verkefnasjóðinn. Þess skal getið að ÍSTEX styrkti verkefnið og gaf lopa. Fósturbarn í SOS barnaþorpi er styrkt í hverjum mánuði. Við greiddum í LCIF verkefnið „viðareldunarofnar til Úkraínu“ og í Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar. Tókum þátt í verkefni Lkl.Vestmannaeyja vegna söfnunar til Grindvíkinga. Færðum Líknadeild Landspítalans í Kópavogi til minningar um látinn féлага, sjónvarp í aðstandendaherbergi og vönduð garðhúsgögn á tvö útisvæði. Á Lokafundi klúbbsins var samþykkt að greiða aukið framlag í Alþjóða hjálparsjóðinn LCIF.

Árlegt Porrablót var haldið í Lionsheimilinu 3. febrúar sem var hin besta skemmtun með frábærum veislustjóra og góðum skemmtikrafti sem spilaði á gítar og söng. Á Blótinu var happdrætti sem gaf vel af sér og er aðalfjáröflun klúbbsins í verkefnasjóðinn. Að auki barst vegleg peningagjöf í sjóðinn. Í mars fórum við í heimsókn í Hrafnistu/Skógarbæ, heimilisfólki og gestum þeirra var boðið upp á veislukaffi og Hjördís



Porrablót Engeyjar.

Geirsdóttir skemmti með söng og gítarspili, þetta var ánægjulegur og gefandi dagur og félögum vel þakkað fyrir daginn.

Þrjú félagar sátu Lionsþingið á Álftanesi og sóttu þeir skólana. Við enduðum starfsárið með dagsferð austur fyrir fjall. Fyrsti áningarstaður var Hespúhúsið í Ölfusinu. Þar vannur Guðrún Bjarnadóttir jurtaglitað band eftir gömlum hefðum en með nútíma tækni og betri pottum. Því næst var ekið á Flúðir í sumarhús formanns klúbbsins og þar héldum við lokafundinn með hefðbundinni dagskrá og stjórnskiptum, léttum veitingum glaum og gleði. Að þessu loknu var haldið til Hveragerðis, komið við hjá Rínu í Stúdíó Spóa, og skoðuðum fallegu fuglana sem



Gjafir til Hjálparstarfs kirkjunnar.

hún tálgar svo listavel. Þá var haldið á veitingastaðinn „Frost og funa“ við bakka Varmár, þar snæddum við þriggja rétta hátíðarkvöldverð áður en haldið var heim á leið. Í lok ágúst er svo fyrirhuguð fimm daga ferð til Prag.

Við göngum glaðar inn í sumarið, stoltar af því góða starfi sem við vinnum að í Lions, allar sem ein.

Með lionskveðju,

Fh. Verkefnanefndar Engeyjar
Ásdís Kristinsdóttir



Svæðisstjóri, svæði 5 – 109A

Starfsárið 2023-2024 var ég svæðisstjóri á svæði 5 í A-umdæminu. Nú velta einhverjir vöngum yfir því hvað er svæði 5 er. Svæði 5 nær yfir Suðurnesin sem inniheldur 8 lionsklúbba. Þeir eru Lkl Grindavíkur, Lkl Keilir í Vogum, Lkl Garður, Lkl Sandgerðis, Lkl Freyjur í Keflavík Lkl Keflavíkur, Lkl Æsur í Njarðvík og Lkl Njarðvíkur sem er jafnframt fjölmennasti klúbburinn á svæðinu.

Við héldum 3 svæðisfundum á starfsárinu og var almennt vel mætt á þessa fundi. Formenn voru með góðar skýrslur og upplýstu hver annan hvað um var að vera í þeirra klúbbum. Ég er sáttur við þetta starfsár m/v ýmsa erfiðleika sbr. Lkl Grindavíkur sem hefur þurft að þola margt en hann fékk inni í Lionsheimilinu í Hlíðarsmára og það var vel gert. Starfið gat haldið áfram sem er vel

Lkl. Keflavíkur hélt sinn síðasta fund í byrjun apríl og hættu síðan sinni starfsemi. Það er eftirsjá af þeim góða klúbbi en þeir félagar treystu sér ekki til að halda áfram. Aðrir klúbbar á svæðinu héldu sínum fjölda að mestu og Lkl Keilir fjölgaði hressilega í sínum klúbbi.

Gott starf í þessum klúbbum og á síðasta fundinum var tilkynnt um næsta svæðisstjóra en hann mun verða Pálmi Hannesson Lkl Garði og svæðisritari Hafdís Friðriksdóttir Lkl Æsu.

Ég þakka gott samstarf við klúbbana þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Ég óska lionshreyfingunni velfarnaðar á komandi árum.

Gunnar Vilbergsson

svæðisstjóri svæði 5 umdæmi 109-A



Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Gústaf Garðarsson og Svavar G. meðmælandi hans ásamt ritara og formanni LkH.



Magnús formaður heiðraði Halldór Svavarsson fyrir vel unnin störf.



Jón Rúnar Jónsson og Ingvar Viktorsson Progressive Melvoin Jones hafar.

Vorið klappar hrjúfum vanga
sem veturinn hefur sett mark sitt á
sorfíð í hann skálar og hoggið í hann hrufur
en með vorinu berst vonin um annað sumar



Þetta sagði skáldið um komu sumars. Í raun má segja að táknað vetrar og sumars sé óvída jafn nærtækt fyrir tilvist manneskjunnar eins og hér á Íslandi. Við tölum um að „þreyja þorra og góuna.“ Samkvæmt Vísindavefnum merkir það orðatilteki að „þola tímabundna erfiðleika.“ Á þorra og góu er tíðin oft köld og dagar dimmir þó heldur sé farið að birta eftir jafndægur á vori.

Sumarið er á næsta leiti, gleðilegt sumar, ágæta lions fólk, vonandi verður sumarið okkur öllum til ánægju og yndisauka. Við félagarnir höfum átt skemmtilegan vetur og fundir hafa verið vel sóttir, skemmtilegir og góðir gestir hafa komið í heimsókn. Við byrjuðum nýja árið á fundi þar sem Lions mál voru í forgrunni og lögðum línur um

verkefni vetrar. Í janúar kynnti Úlfur Atlason Leiðtogaskólann fyrir okkur og við blótuðum þorra þar sem góður þorramatur var á borðum. Okkar ágæti klúbbfélagi, Halldór Svavarsson kynnti fyrir okkur bók sína „Laun lymskunnar“ Við minnst Guðbjörgu Tómasdóttur er lést í janúar. Guðbjörg hefur gert margar fallegar vísur um okkur félagana og styrkt klúbbinn með fjárframlögum. Hún var gift lions manningnum Svavari Jóhannessyni er lést árið 2013, hann var þá búinn að vera 52 ár í klúbbnum og okkar fyrsti Melvin Jones félagi, blessuð sé minning þeirra hjóna. Við fórum skemmtilega ferð í febrúar með eiginkonum vestur á Reykjanesið og heimsóttum Algalíf sem er til húsa á Bogatröð í Reykjanesbæ. Algalíf er líftækni fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á náttúrulegu Astaxanthin úr þörungunum Hematococcus pluvialis, framleiðsluferlið er hannað til að skila hágæða afrakstri úr hreinu Íslensku vatni og vistvænni orku. Vel var tekið á móti gestum og þeir leiddir um undraveröld eftir góðar veitingar. Við héldum veglegt kaffisamsæti með eldri borgurum í Hafnarfirði, þar sem boðið var uppá kaffi og kökur, hljómsveit Pálma Ólafssonar lék fyrir dansi og þeir



Lionsfélagar gáfu Hrafnistu tvo hjálfunarstóla.



Ingi Skarphéðinsson, Orri Björnsson forstjóri og Svavar Halldórsson.



Kaffisamsæti LkH í Hraunseli.



Hallgrímur Ólafsson leikari og Stefán Helgi söngvari skemmtu gestum við góðar undirtektir. Við félagarnir dæmdum í Boccía í Góubyrjun, þar sem Íþróttafélagið Fjörður, félag fatlaðra keppti við bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Garðabæjar, allir skemmtu sér hið besta, þótt misvel hafi gengið hjá leikliðum. Við styrktum LCIF verkefni Lions með góðu framlagi, verkefnið er smíði á viðarkynntum eldunarofnum fyrir stríðshrjáðar fjölskyldur í Úkraínu. Samhliða verkefninu heiðruðum við tvo féлага okkar, þá Ingvar Viktorsson og Jón Rúnar Jónsson með Progressive Melvin Jones demantsviðurkenningu, sem er beint framhald af Melvin Jones viðurkenningu og í raun árétting klúbbsins um góð og farsæl störf þeirra féлага í klúbbnum. Við höfum styrkt myndarlega við hin ýmsu félög, samtök og einstaklinga, þar á meðal var Hrafnistu gefnir tveir þjálfunarstólar og Björgunarsveitin Hafnarfjarðar fékk veglegan styrk. Sala á barmmerki okkar „Gaflarinn“ var í apríl, sem tókst með ágætum. Við tókum inn nýjan féлага á vordögum, Gústaf Garðarsson, dug mikill maður sem við fögnum og tókum vel á móti. Einnig er eldri

félagi okkar Halldór Árni Wium að koma inn aftur eftir nokkurra ára fjarveru og er honum vel fagnað og gott að fá inn aftur skemmtilegan féлага. Við sendum þrjá fulltrúa á þing Lions á Álftanesi og í lok maí er ráðgerð sumarferð, safnaferð um Reykjanes og fjölskylduskemmtun verður í gróðurreit okkar við Kaldársel í júlí. Við það tækifæri munum við heiðra Hafnirðinginn Jónatan Garðarsson, með því að sæma hann „Gaflara árs 2024“ Jónatan er dug mikill maður og hefur fengið viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf í þágu íslenskrar tónlistar í gegnum tíðina og fyrir metnaðarfulla dagskrá í útvarpi og sjónvarpi, auk góðra starfa við skógrækt og við önnur störf. Lions klúbbur Hafnarfjarðar er sterkur klúbbur, þar eru dug miklir og samhentir félagar að störfum.

Bestu Lions og Gaflara kveðjur

Fríðgeir H. Guðmundsson. blaðafulltrúi LkH og MCC formaður



Hallgrímur Ólafsson leikari.



Undraveiröld hjá Algalíf.



Boccía félagar spiluðu af mikilli innlifun.



Jón Pálmason, Ellert Eggertsson og Halldór Árni Wium.

Duglegir sölumenn selja Gaflarann í Fjarðarkaupum.



LCIF teymið á Íslandi

Á gætu Lionsfélagar Við viljum minna klúbba á að lokadagsetning fyrir framlög til Alþjóðahjálparsjóðsins (LCIF) er 15.júní til að framlagið telji með framlögum þessa starfsárs.

Í lok starfsárs lítur maður gjarnan um öxl til að hugleiða hvað hefur áunnist, hvaða markmiðum var náð. Verkefni okkar LCIF fulltrúa fjöllumdæmisins er að tala fyrir sjóðinn, upplýsa um verkefni sem blasa við á alþjóðavettvangi og afla framlaga eins og aðrir í sama embætti um allan heim.

Við settum okkur fjárhagsmarkið miðað við 50\$ framlag á hvern Lionsféлага. Því markmiði náðum við og við þökkum þeim klúbbum og einstaklingum sem hafa styrkt sjóðinn með fjárfrahlögum.

Stærsta einstaka verkefnið sem við tókum þátt í voru eldunarofnarnir fyrir Úkraínu. Þar settum við markið á 500 ofna og náðum 483 – vorum sem sagt nærri markmiðinu.

Helsta markmiðið var þó og er alltaf að allir klúbbar taki þátt og setji framlög til sjóðsins árlega. Því markmiði náðum við ekki. Þáttaka klúbba í umdæmi A er þegar þetta er skrifað 74.5% og í B umdæmi 58.6%. Í umdæmi A hefur þátttakan farið upp milli ára um nærri 30% en farið niður um 15% í B umdæminu. Enn er tími til að leggja sjóðum lið og ekki veitir af því viðsjár í heiminum hafa í áratugi ekki verið meiri. Bæði vegna náttúruhamfara af ýmsu tagi og ekki síður vegna stríðsátaka þar sem fórnarlömbin eru gjarnan börn. Hver króna sem gefin er til sjóðsins fer út aftur í mannúðaverkefni.

Um leið og við þökkum ykkur sem svöruðu kallinu og minnum aftur á 15.júní sem er lokadagsetning fyrir framlög vegna þessa starfsárs.

Með þökkum fyrir samstarfið á starfsárinu og hlökkum til þess næsta.

*Björn Guðmundsson
Geirþrúður Fanney Bogadóttir
Anna Fr. Blöndal.*

Vara umdæmisstjóri 109B – hugleiðingar að loknu þingi Sumarliði Ásgeirsson



Núna að loknu þingi er þakklæti mér efst í huga. Ekki síst fyrir óeigingjarna vinnu Harðar Sigurjónssonar, Jóns Pálmasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur við undirbúning þinghluta þingsins.

Þetta var flott þing og vel að öllu staðið hjá Álftnesingum sem gerði þingið hið glæsilegasta. Ég hleraði hjá félögum mínum að skólarnir hafi verið góðir og fræðandi.

Verkefni vetrarins er að bretta upp emmar, brosandi út að eyrum og kynna hreyfinguna okkar betur og munum við hafa efni til að vinna með frá auglýsingastofunni ENNEMM til að vekja athygli á því hvað það er eftirsóknarvert að tilheyra Lions.

Fyrir formenn lionsklúbba á þessum breyttu internetstímum er nauðsynlegt að hafa netstjóra sem sér um efni fyrir Fésbók, Instagram og vefsíður. Við þurfum að vera sýnileg og segja frá öllum þeim góðu

verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur því það skilar sér í innkomu hvort heldur er í peningum eða nýjum félögum.

Komandi starfsár verður krefjandi, fræðandi og skemmtilegt ekki síst fyrir þá frábæru lionsfélaga sem ég hef notið að vinna með og alla þá sem koma á lionsvagninn í vetur og taka þátt í verkefninu að lyfta Lions á Íslandi upp og takast á við breytta tíma.

Einkunnar orð mín eru sótt til Helen Keller:

„Ein getum við gert svo lítið; saman getum við gert marga“

Inga Lóa Steinarsdóttir, Geirþrúður Fanney Bogadóttir og ég Sumarliði erum afar auðmjúk og hlökkum til að að starfa með ykkur öllum í vetur.

Það er samtakamáttur Lions sem lyftir Grettistaki og gerir okkur kleift að yfirstíga hindranir.

